

18.4.2017

Fundur með foreldrafélagi Akrasels kl.18:00

Mættir ;Laufey, Lilja, Elsa, Lísbet, Sara, Sjonni, Anney og Guðrún sem ritaði fundagerð. Það vantaði Kristínu.

Blöndun árgang næsta vetur

Anney útskýri hvernig við ætlum að blanda saman árgöngum næsta vetur. Við ætlum að skipta öllum árgöngunum í þrennt og hafa tvo árganga á hverri deild. Síðasta vetur höfum við unnið með þessa skiptingu á Bergi og haft samstarf innan árganga. Það hefur gefist mjög vel, það hafa skapast góð tækifæri til frekari samskipta barna á milli.

Foreldrar (einn árgangur í einu) verða boðaðir á fund í næstu viku þar sem þetta verður kynnt og foreldrar geta komið með fyrirspurnir.

Bréf verður sent til allra foreldra nema á Kletti þar sem þetta er kynnt og boðað til fundar.

Umræður voru í hópnum um þessa breytingu;

- Mikilvægt að kynna þessar breytingar vel fyrir foreldrum foreldrafélag fagnar kynningafundi.
- Kostirnir eru góðir, gott að kynna þá vel.
- Það skiptir máli að tala saman.
- Fulltrúar foreldrafélagsins bentu einnig á kosti við blöndun út frá reynslu á Bergi í vetur. Skemmtileg blöndun og samvinna sem börnin hafa rætt heima.
- Fullt traust til starfsmanna af hendi foreldrafulltrúa foreldrafélags.

Barnasjóður

Það er búið að senda kröfu í bankann, foreldrar ættu að sjá kröfu í heimabankanum á næstu dögum. Gjaldið er 3000 kr. á heimili + kostnaður banka. Greiðist fyrir júní lok.

Sveitaferð

Foreldrafélagið ætlar að skipuleggja sveitaferðina þetta árið. Stofnuð verður síða á fb þar sem umræða og skipulag á þessari ferð verður. (Lísbet sér um það)

Laufey og Sara ætluðu að hringa og athuga aðstæður, verð o.s.frv. á Grjóteyri í Kjós, Hlaðastöðum í Mosfellsdalnum og á Bjarneyjarsandi í Hvalfjarðarsveit.

Kostnaður pr. barn í Akraseli er greiddur af foreldrafélaginu en foreldra borga sér fyrir systkini sem koma með í ferðina.

Þetta nýja fyrirkomulag verður kynnt á foreldrafundunum í næstu viku.

Útskriftaferð

Útskriftaferðin verður farin í Skorradalinn en það er spurning hvernig það verður í samtíðinni því það er kominn tími á mikið viðhald á Skátaskálanum..

Tveir leikskólar á Akranesi eru að fara annars vegar í Ölver þar er uppábúin rúm og hins vegar í Fannahlíð. Við ætlum að hlera hvernig það gangi.

Við geum líka farið í skemmtilegar dagsferðir að ári en við þurfum bara að leggja höfuðið í bleyti.

Sumarhátíð

Sumarhátíðin verður í lok júní, og verður hún kynnt eftir sveitaferðina eða skipulagningun á henni. Hugmyndir komu upp um að grilla pylsur í lok dags. Foreldrafélagið ætlar að kanna með skemmtun fyrir börnin – nánar auglýst þegar nær dregur

Með því að hafa sumarhátíð á þessum tíma verða elstu börnin með, en þau hætta flest við sumarlokun.

Þessi breyting er meðal annars vegna þess að afmæli okkar er oft í kringum aðlögun og það er of mikið álag á nýja nemendur.

Við gerum okkur dagamun á afmælisdaginn án aðkomu annarra ;o)

Næsti fundur ekki ákveðinn.

Ekki fleira gert fundi slitið kl.18:45

Guðrún Bragadóttir